

Heilsuleikskólinn Fífusalarir

Starfsáætlun 2019 - 2020

Júní 2019



Efnisyfirlit

1 Inngangur.....	3
2 Um leikskólann	3
2.1 Gerð leikskóla, húsnæði lóð og rými	3
2.2 Námskrá, stefna, uppeldislegar áherslur, skipulag.....	3
3 Starfsáætlun næsta leikskólaárs.....	4
3.1 Uppeldisstarfið	4
3.2 Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir	5
3.3 Þróunar- og nýbreytnistarf.....	6
4 Starfsmenn	7
4.1 Starfsmannastefna Heilsuleikskólans Fífusala.....	7
4.2 Áherslur í samstarfi svo sem handleiðsla, starfsmannaviðtöl og móttaka nýrra starfsmanna	8
4.3 Starfsmenn	8
4.4 Fundir.....	9
4.5 Skipulagsdagar/ námskeiðsdagar	9
4.6 Endur- og símenntunaráætlun	11
5 Börn	11
5.1 Fjöldi barna, aðlögun, flutningur milli deilda, útskrift o.fl.....	11
5.2 Sérkennsla	11
6 Foreldrasamstarf	13
6.1 Stefna vegna foreldrasamstarfs	13
6.2 Áherslur	13
6.3 Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu	13
6.4 Fræðsla og upplýsingar til foreldra.....	13
6.5 Kynning á leikskólanum	14
6.6 Foreldraráð og foreldrafélag	14
7 Samstarf.....	14
7.1 Stoðþjónusta	14
7.2 Samstarf við Salaskóla	15
7.3 Samstarf við aðra.....	15
7.4 Nemar	15
8 Mat	15
8.1 Matsaðferðir.....	15
8.2 Matsaðferðir sl. starfsárs og niðurstöður.....	16
8.3 Mat á starfsáætlun sl. starfsárs og niðurstöður	17
8.4 Umbótaáætlun	17

9 Öryggismál.....	18
9.1 Öryggisnefnd	19
9.2 Áfallaráð	19
9.3 Slys og meiðsl	19
10 Lokaorð	20
Umsögn foreldraráðs.....	21
Viðauki 1 - Símenntunaráætlun fyrir starfsfólk	22
Viðauki 2 - Mat á námi barna	23
Viðauki 3 – Gátlisti Heilsustefnunnar	24
Viðauki 4 – Skóladagatal.....	25

1 Inngangur

Leikskólinn Fífusalir var stofnaður 16. nóvember 2001. Þann 8 maí 2013 hóf hann starf samkvæmt Heilsustefnu Unnar Stefánsdóttur og er því heilsuleikskóli.

2 Um leikskólann

2.1 Gerð leikskóla, húsnæði lóð og rými

Heilsuleikskólinn Fífusalir er sex deilda leikskóli. Húsið er á einni hæð, grunnflötur er 776 m² þar af er leikrými 445 m² fyrir 103 börn samtímis í 7 - 9 tíma dvöl. Húsnæðið skiptist í tvo ganga sem eru með þrem deildum hvor, og miðrými með matsal, Leikvangi (íþróttasal) og Smiðju (sköpun). Lóðin er 3325 m², kominn er tími á að yfirfara lóðina og lagfæra ýmislegt. Fífusalir er opinn leikskóli, það er að segja fyrir utan þær tvær stofur sem hver deild hefur, en annars er samnýting á íþróttasal, listasmiðju, matsal og göngum.

- Eldri deildir leikskólans nefnast Hóll, Hlíð og Hæð.
- Yngri deildir leikskólans nefnast Lind, Lækur og Laut.

2.2 Námskrá, stefna, uppeldislegar áherslur, skipulag

Á grunni Aðalnámskrár leikskóla frá 2011 og námskrár leikskóla Kópavogs hafa kennarar Heilsuleikskólans Fífusala mótað sína skólanámskrá og var hún gefin út 16. nóvember 2011, á tíu ára afmæli skólans. Ný og endurskoðuð námskrá var tilbúin í maí 2015.

<http://fifusalir.kopavogur.is/media/um-skolann/namskra2015.pdf>

Á næsta skólaári, 2019-2020 er þörf á endurskoðun og gerð nýrrar skólanámskrár.

Í leikskólanum er lögð áhersla á heilsueflandi líferni og góð samskipti. Þann 8. maí 2013 fékk leikskólinn heilsufánann og var þar með orðinn aðili í Samtökum heilsuleikskóla.

Heilsustefnan er íslensk en Unnur Stefánsdóttir er höfundur að henni. Markmiðið er að stuðla að heilsueflingu í leikskólasamfélaginu með áherslu á næringu, hreyfingu og listsköpun í leik. Sjá nánar á www.heilsustefnan.is.

Leikskólastarf og leikskólauppeldi byggir á sérstökum uppeldisaðferðum og hugmyndafræði. Þeir sem vinna að leikskólauppeldi sækja hugmyndir til kenninga, rita og rannsókna ýmissa fræðimanna um það hvernig börn læra og þroskast. Við í Fífusölum störfum eftir kenningum John Dewey og Berit Bae.

John Dewey

John Dewey lagði áherslu á uppgötvunarnám, það er að börn læri í gegnum leikinn með því að prófa sig áfram. Hann mælti hvorki með algjöru frelsi né valdboði, heldur því sem hægt er að kalla lýðræðislegar aðferðir. Samkvæmt Dewey eiga börnin að velja sér verkefni sjálf, verkefnin ættu að vera vel skipulögð og markviss svo börnin geti gert sér grein fyrir tilgangi vinnunnar. Dewey fjallaði um lýðræði og menntun, hann taldi að hluti af menntun séu tengsl okkar við umhverfið og náttúruna. Námið á að leiða til þekkingar, ekki bara til að muna staðreyndir heldur til að geta rökstutt þær. Dewey lagði áherslu á ferlið en ekki útkomuna. Börnin í Fífusölum fá tækifæri til undirbúnings fyrir lýðræðislega þátttöku við kennara sína og vini. Kennarar Fífusala treysta getu og hæfni hvers barns til að efla eigin þekkingu og hvetja

þau til að nýta sína hæfileika. Með þessu er lagður grunnur að sterkum og sjálfstæðum einstaklingi sem tekur ábyrgð á sjálfum sér.

Berit Bae

Samskiptastefna okkar er sprottin af kenningum Berit Bae og notum við opnar spurningar, t.d. hvað, hvernig og hvers vegna, til að styðja börnin í þekkingarleit sinni til náms.

Mikilvægt er að kennarar og börn séu meðvituð um samskipti sín á milli og hlúi vel að þeim, þar sem samskipti eru eitt af okkar helstu verkfærum til náms. Samkvæmt Bae þurfum við að skoða hvað það er sem hefur áhrif á samskipti okkar. Hún skiptir því upp í innri og ytri þætti. Innri þættirnir tengjast kennaranum, t.d. hvaða fagþekkingu hann hefur, hvaða viðhorf hann hefur til einstaklingsins sem og fyrri reynsla. Ytri þættirnir eru þeir sem hafa áhrif á samskipti okkar innan skólans sem og leikskólaumhverfið og samfélagið.

Kennarar bera virðingu fyrir upplifun hvers og eins. Bae segir að góður kennari þurfi að geta lifað sig inn í heim barnsins, hlustað og sýnt tilfinningum þeirra skilning. Kennarar stjórna ekki umræðum út frá fyrirfram ákveðnu efni heldur hlusta á það sem börnin hafa að segja. Mjög mikilvægt er að virða ákvörðunarrétt barnsins þegar það hefur val, ef barnið segir: „nei, ég vil ekki“ eða: „langar ekki“ þá verðum við að virða það, svo lengi sem það skaðar ekki barnið eða aðra í kringum það. Grundvallaratriði í viðurkennandi samskiptum við börn er að staðfesta þeirra upplifun og tilfinningar. Einnig segir Bae að hver kennari þurfi að skoða sín eigin samskipti og hugsa: „hvað segi ég og hvernig segi ég það?“

Einkunnarorð Fífusala, **virðing – uppgötvun – samvinna**, eru sprottin af þessari hugmyndafræði. Þau eiga við bæði börn og kennara og marka allt daglegt starf.

Virðing

Við leggjum áherslu á að börnin beri virðingu fyrir öðrum og taki tillit til hvers annars og efli þannig skilning á tilfinningum og þörfum sínum sem og annarra. Lagt er upp úr góðu samstarfi, trausti og gagnkvæmri virðingu á milli barna, starfsfólks, heimilis og skóla.

Uppgötvun

Barnið öðlast reynslu með uppgötvun í leik án þess að kennarar gefi þeim lausnir.

Endapunkturinn skiptir ekki máli heldur lærdómurinn sem barnið öðlast á leiðinni. Mikilvægt er að viðurkenna upplifun barna, án þess að leggja á hana dóm.

Samvinna

Lagt er upp úr því að börn og kennarar læri að vera sveigjanleg, hjálpist að, vinni saman og framfylgi ákvörðunum sínum. Kennarar eru fyrirmyndir barnanna og hvetja þau til sáttfýsi og samvinnu.

3 Starfsáætlun næsta leikskólaárs

3.1 Uppeldisstarfið

Unnið er samkvæmt lögum og reglum um leikskóla, námskrá leikskólans, heilsustefnunni og aldursskiptum námskrám Kópavogs. Allt nám barnsins fer fram í gegnum leik. Náms sviðin eru fléttuð inn í leikinn, hópastarf og daglegt starf. Hópastarf inni á hverri deild er vikulega fyrir

hvern hóp fyrir sig þar sem unnið er með skipulögð verkefni miðað við aldur og þroska barnanna.

Fagstjóri í íþróttum hefur íþróttakennaramenntun. Hann stýrir íþróttastarfinu sem er einu sinni í viku í íþróttasalnum þar sem unnið er með hóp á af hverri deild fyrir sig. Mikil áhersla er lögð á hreyfingu og heilbrigði þar sem leikskólinn er heilsuleikskóli. Þá fylgir leikskólinn matseðli heilsuleikskóla þar sem næringarþarfir barnanna eru hafðar að leiðarljósi.

Fagstjóri stýrir listasmiðjunni. Börnin koma vikulega í litlum hópum og kynnast mismunandi efniviði sem örva sköpunargleðina. Einnig hefur fagstjórinn fært kennsluna út og farið í ýmsar vettvangsferðir, bæði í útikennslustofuna og í lengri ferðir.

Sérkennsla er fyrir öll þau börn sem þurfa á því að halda, út frá þörfum og getu hvers barns fyrir sig. Til að fylgjast með málþroska barnanna leggjum við fyrir mat á málþroska fyrir þau með sérstökum prófum. EFI-2 er fyrir öll börn á 4. ári yfirleitt tekið í kringum 3 og ½ árs og HLJÓM-2 fyrir 5 ára börn. Leikskólasérkennari sinnir málörvun þeirra barna sem það þurfa. Sérkennslustjóri hefur sinnt börnum sem þurfa inngrip til styttri tíma, svo sem vegna hegðunar. Hefðir leikskólans hafa verið og verða á sínum stað, svo sem jóladagskrá, páskar, þorri, Öskudagur, afmæli leikskólans og fleira.

Umhverfisvernd verður ríkjandi í skólanum, við erum að flokka sorp og endurnýta hluti.

3.2 Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir

- Ávaxta- og grænmetisdagur er einu sinni á hvorri önn
- Heilsubókaskráning hefur verið gerð í október og mars.
 - Á næsta skólaári með tilkomu rafrænnar heilsubókar verður skráð í kringum afmælisdag barnsins og hálfu ári síðar.
- Á yngri gangi er „Gaman saman“ alla föstudaga, en þá koma yngri deildirnar saman og syngja. Eldri gangur hefur verið með „Gaman saman“ frá áramótum og hefur gengið vel.
 - Hugmynd er um að allur leikskólinn hittist einu sinni í mánuði í „Gaman saman“.
- Elstu 2 árgangarnir fara í litlum hópum með tveimur kennurum í sund. Reynt er að fara tvisvar á haustönn og tvisvar á vorönn.
- Boðið er upp á fimleikanámskeið í samvinnu við Gerplu fyrir elstu börnin á kostnað foreldra og fara þau einu sinni í viku í fylgd með kennurum allan veturinn.
- Í Fífusölum er barnið í brennidepli á afmælisdaginn sinn. Barnið útbýr kórónu dagana á undan sem það fær síðan með sér heim á afmælisdeginum. Það velur sér dúk, disk og glas til að hafa í hádegismatnum. Valinn er tími sem hentar til að syngja afmælissönginn og afmælisbarnið býður upp á popp, ávexti eða saltstangir
- Elstu börnum skólans er boðið á sýningu í Þjóðleikhúsinu og að þessu sinni var það Bernd Ogrodniks brúðugerðarmaður sem sá um sýningu fyrir leikskólabörn. Þetta er liður í kynningu Þjóðleikhússins á starfi sínu.
- Leikskólinn tók þátt í Bleika deginum í október.

- Slökkviliðið er með fræðslu fyrir elsta árganginn á hverju hausti, ræðir brunavarnir og viðbrögð við hættuástandi.
- Dagur íslenskrar tungu er haldinn hátíðlegur enda er það afmælisdagur leikskólans sem verður fagnað með sameiginlegu furðufataballi og opnu flæði um leikskólann.
- Í desember koma prestar frá Lindakirkju í heimsókn, með jólasögu og sungin eru nokkur jólalög saman.
- Í samvinnu við foreldrafélagið er foreldrum boðið á aðventu í heitt súkkulaði og piparkökur sem börnin hafa bakað dagana á undan. Litlu jólin með hátíðarmat og jólaballi eru á sínum stað í desember.
- Á Þrettándanum höfum við kvatt jólin með brennu og söng í garðinum. S.l. vetur vorum við inni með kerta-arinn og kósý. Það vakti mikla lukku og verður þannig framvegis.
- Bóndadagurinn er haldinn hátíðlegur. Í hádeginu er þorramatur og sungin eru þorralög í samverustund.
- Dagur leikskólans er öðruvísi en aðrir dagar en þá er opið flæði milli deilda og settar upp stöðvar um allan leikskólann. Við ætlum að fagna þeim degi með gestakaffi, þar sem boðið verður uppá hrökkkex og hummus verður frá 14.30 í tilefni dagsins.
- Leikskólinn tekur þátt í Alþjóðlega Downs-deginum en þá mæta allir í mislitum sokkum. Einnig er tekið þátt í einhverfudeginum og þá klæðast allir bláu.
- Foreldrafélagið býður börnunum á leiksýningu á hverju skólaári.
- Bolludagur er með tilheyrandi bolluáti og á Sprengidag er saltkjöt og baunir í hádegisverð.
- Á Öskudag er slegið upp náttfataballi og dansað af miklum móði, síðan róum við okkur niður yfir bíómynd og snakki.
- Sumarhátíðin og Heilsudagurinn eru haldin saman í júní. Settar eru upp þrautir fyrir börn og foreldra til að spreyta sig á. Leikfélagið Lotta hefur komið og haldið uppi fjöri og fenginn hefur verið hoppukastali. Grillaðar pylsur og andlitsmálun er í boði.

3.3 Þróunar- og nýbreytnistarf

Vorið 2018 fengum við styrk frá Nordplus í samvinnu við leikskóla í Litháen og Eistlandi. Verkefnið byrjaði haustið 2018 og heitir *Promoting children's health and well-being within preschool education content in the Baltic countries and in Iceland*. Verkefnið byggir á því að kennarar ferðast milli landa og fylgjast með og kynna sér það sem gert er í hinum leikskólunum sem stuðlar að vellíðan barna og betri heilsu. Verkefninu mun ljúka í október 2019. Tveir kennarar fóru til Litháen og tveir kennarar til Eistlands á síðasta skólaári. Haustið 2019 verður tekið verður á móti 6 kennurum frá viðkomandi löndum.

Það er búin að vera mikil þróun hjá Kópavogsbæ varðandi ýmis tölvutengd mál og má þá nefna nýtt skráningarkerfi fyrir öll börn í leikskólum Kópavogs. Stjórnendur hafa setið námskeið vegna þessa og er mikil tilhlökkun þegar þetta kerfi, sem heitir Vala verður komið í gagnið. Á nýju skólaári kemur ný heimasíða fyrir leikskólann ásamt því að foreldrar geta fengið app í símann sinn þar sem þau geta fylgst með daglegu starfi innan deildarinnar, ásamt því að þau geta

tilkynnt forföll og eitthvað fleira. Samtök Heilsuleikskóla hafa komið heilsubókinni á rafrænt form. Nýju persónuverndarlögin hafa tafið töluvert fyrir framkvæmd en hún verður vonandi komin í notkun haustið 2019. Í kjölfar hennar verður tímum foreldraviðtala breytt og verða þau í tengslum við afmælisdag barnsins.

4 Starfsmenn

4.1 Starfsmannastefna Heilsuleikskólans Fífusala

Hlutverk kennara felst meðal annars í því að vera jafningi barnanna og hluti af hópnum, kveikja áhuga þeirra og hvetja þau til að rannsaka sjálf viðfangsefni sín. Með því að spyrja þau opinna spurninga eins og hvað, hvernig og hvers vegna. Hann ber einnig ábyrgð á samskiptum innan barnahópsins og að skapa góðan samskiptaanda. Hann skal vera þeim góð fyrirmynd, leiðbeina þeim í samskiptum við aðra og höfða til skynsemi þeirra. Kennarinn skal leitast við að skapa lýðræðislegan anda innan barnahópsins í takt við þroska barnanna. Kennsluaðferðir eiga að vera vel undirbúnar, markvissar, skipulagðar og byggja á fyrri reynslu og áhuga barnanna. Umhverfið á að vera vel skipulagt og sniðið að þörfum þeirra til að ýta undir sjálfstæði og virkni. Uppeldisleg sýn okkar í Fífusölum er að skapa nemendum örvandi og uppbyggilegt námsumhverfi þar sem áhugi og virkni er drifkraftur í þekkingarleit þeirra.

Markmið í Fífusölum eru:

- Að börn læri sjálfstjórn og beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Að börn fái tækifæri til að læra í gegnum leik og eigin upplifanir.
- Að börn upplifi sig í lýðræðislegu samfélagi þar sem gleði, samhygð og vinátta er höfð að leiðarljósi.

Starfsmannastefnan felst meðal annars í eftirfarandi:

- **Samvinna:** Við erum sveigjanleg, hjálpumst að, vinnum saman og framfylgjum ákvörðunum okkar. Samvinna er einn af lykilþáttum í leikskólastarfi.
- **Virðing:** Vinnustaðurinn og starfið okkar er mikilvægt og ber að virða. Við berum að auki virðingu fyrir mismunandi reynslu og þekkingu hvers annars.
- **Jákvæðni:** Við veljum okkur viðhorf og hugsum í lausnum. Með því að virkja jákvæða eiginleika og viðhorf verðum við góðar fyrirmyndir. Við höfum gaman í vinnunni og höldum fast í barnið í okkur.
- **Traust:** Við treystum hvert öðru til að bera ábyrgð á eigin starfi. Við gætum þagmælsku og ræðum hvorki um börnin, starfið né starfsmennina utan vinnustaðarins.
- **Endurgjöf:** Við hrósum fyrir það sem vel er gert, erum með málefnalega gagnrýni og erum opin fyrir leiðsögn.
- **Heiðarleiki:** Við tölum við hvert annað en ekki um hvert annað. Við meinum það sem við segjum og segjum það sem við meinum.

4.2 Áherslur í samstarfi svo sem handleiðsla, starfsmannaviðtöl og móttaka nýrra starfsmanna

Starfsmannasamtöl eru haldin einu sinni á skólaári, á vorönn. Allir starfsmenn eru boðaðir, leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri skiptast á að taka viðtölin en taka saman viðtöl við alla deildastjóra og sérkennslustjóra. Vorið 2019 kom fram mikið álag á deildastjórum, margir leiðbeinendur töldu sig upplifa vantraust frá deildastjórum. Eins kom í ljós að fólk þarf að skoða sjálft sig betur áður en það gagnrýnir aðra, mörgum fannst vanta meira hrós og að það þyrfti að sýna nýju fólki meiri þolinmæði. Virða þarf betur vinnufrið í undirbúningsherbergi og á fleiri stöðum í húsinu. Þetta ásamt öllu því góða sem fram kom verður haft að leiðarljósi næsta skólaárs.

Stjórnendur, fyrir utan deildastjóra, fara í handleiðslu í sínu hverfi um það bil einu sinni í mánuði. Nauðsynlegt væri að deildastjórar kæmust í sambærilega handleiðslu þó ekki væri nema tvisvar sinnum á önn. Allir nýir starfsmenn eru beðnir um að lesa „svörtu“ möppurnar sem eru inni á hverri deild. Deildarstjóri á þeirri deild sem nýr starfsmaður er á fyrstu dagana sér um að gefa nýjum starfsmanni tækifæri til að lesa möppuna. Oft skortir tíma til að gefa nýjum starfsmönnum tækifæri til að aðlagast þessu krefjandi starfi sem er að vinna í leikskóla en með nýrri aðgerðaráætlun Kópavogsbæjar er okkur unnt að fá kennara í það hlutverk að styðja við nýja starfsmenn.

4.3 Starfsmenn

Í Heilsuleikskólanum Fífusölum er gert ráð fyrir 16 stöðugildum vegna barngilda auk 4,875 stöðugilda í sérkennslu.	Fjöldi	Stöðugildi
Í afleysingum fyrir undirbúning og veikindi er 3,48 stöðugildi. Auk þess er leikskólastjóri í 1,0 stöðugildi og aðstoðarleikskólastjóri í 50% stjórnendastöðu, sérkennslustjóri í 75% stöðu. Heildar stöðugildi fyrir leikskólann er 30,83 stöðugildi.		
Menntun		
Leikskólakennarar	7	6,50
Þroskaþjálfar	1	1
Íþróttakennari	1	0,75
Aðrir háskólamenntaðir	8	7,9
Leikskólaliðar	3	2,6
Nemar í leikskólakennaranámi	1	0,70
Leiðbeinendur	15	9,93
Eldhús	2	2
Samtals	38	31,4

Fimm kennarar voru í fæðingarorlofi síðasta skólaár, tveir kennarar komu til baka um áramót og einn að vori. Tveir af þessum kennurum eru ekki væntanlegir til baka fyrr en vorið 2020.

Langtímaveikindi

Eitthvað hefur verið um veikindi, bæði langtímaveikindi og hlutaveikindi. Auk þess hafa þær sem fóru í fæðingarorlof verið töluvert mikið fjarverandi, bæði í hlutaveikindum og að fullu. Einnig var eitthvað um styttri veikindaleyfi að ræða.

4.4 Fundir

- Í stað funda klukkan 9.00 á morgnana hefur einn ákveðin deildarstjóri sem mætir 7.45 ásamt öðrum skólastjórnanda sett upp töfluna fyrir daginn. Hvar hver og einn á að vera, hversu margir eru að skila og fleiri nytsamlegar upplýsingar. Deildastjóri hverrar deildar ber ábyrgð á því að þetta sé yfirfarið og kvittar fyrir því með sínum upphafsstöfum.
- Deildastjórafundir eru haldnir að jafnaði þrisvar til fjórum sinnum í mánuði.
- Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru með samráðsfundi á hverjum degi.
- Samráð við sérkennslustjóra er eftir þörfum.
- Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri fara í handleiðslu að meðaltali einu sinni í mánuði.
- Deildafundir eru haldnir um það bil einu sinni í mánuði, en það er á ábyrgð hvers deildastjóra fyrir sig.
- Gangafundir eru haldnir eftir þörfum, að meðaltali einu sinni á önn, en það er á ábyrgð deildastjóranna að óska eftir honum.
- Samráðsfundir starfsfólks í sérkennslu eru haldnir með reglulegu millibili.
- Fjöldi teymisfunda vegna sérkennslumála eru haldnir reglulega.

4.5 Skipulagsdagar/ námskeiðsdagar

Síðastliðið skólaár voru fimm skipulagsdagar, tveir á haustönn og þrír á vorönn. Skipulagsdagarnir voru nýttir á fjölbreyttan hátt:

- **14. september 2018:** Starfsmannafundur, deildafundir og hópefli.
- **19. nóvember 2018:** Skyndihjálparnámskeið, starfsmannafundur og deildafundir
- **2. janúar 2019:** Heilsubækur, deildafundir, fyrirlestur með Ásthildi B. Snorradóttur vegna snemmtækrar íhlutunar sem er þróunarverkefni á vegum menntasviðs.
- **26 apríl 2019:** Námsferð til Brighton, heill dagur í útikennsluskóla þar sem voru ýmis hópeflisverkefni. Námskeið í Numicon stærfræðiverkefnum fyrir leikskólabörn, hálfur dagur.
- **17. maí 2019:** Endurmat eftir vetrarstarfið, sumarstarfið undirbúið og deildafundir.

Námskeið starfsmanna:

Verkfærakistan: Fjórir kennarar fóru á námskeið hjá KVAN

Vínátta: Tveir kennarar fóru á forvarnarnámskeið hjá Barnaheill.

Flæði: Sjúkennarar fóru á ráðstefnu um Flæði.

Ráðstefna á vegum Heilsusamtaka leikskólanna: Sex kennarar fóru til Akureyrar að taka þátt í henni. Var þetta mjög fjölbreytt og fróðleg dagskrá.

Trúnaðarmannanámskeið hjá FL: Einn kennari fór þangað.

Fyrirlestur fyrir deildarstjóra hjá Þekkingarmiðlun: Sex kennarar fóru að hlusta á hann.

Vorráðstefna Greiningarstöðvarinnar: Tveir kennarar fóru á hana

Fyrirlestur hjá Auðnast: Tveir kennarar fóru á fyrirlestur sem fjallaði um um líðan í starfi. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri fóru á hálf dags námskeið um sama efni nema mun ítarlegra.

ART: Tveir kennarar fóru á fjögurra daga námskeið um ART hjá ART-teyminu á Suðurlandi.

Atferlisíhlutunarnámskeið: Tveir kennarar fóru á námskeið hjá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins. Fimm kennarar fóru einnig á sérstakt skráningarnámskeið fyrir atferlisþjálfun.

24 – 26 apríl 2019.

- **Námsferð erlendis:** 27 kennarar fóru á námskeið um Numicon stærðfræðikubba og útikennslu í Forest School – hópefli.
- **Skipulagsdagur innanlands:** Leikskólaheimsókn og verkefni innan leikskólans.

Námskeið í Völu: Stjórnendur hafa setið nokkur námskeið í leikskólaforritinu Völu.

Persónuverndarlög: Allir kennarar leikskólans fóru á fyrirlestur um innleiðingu persónuverndarlaga.

Atvikaskráning: Stjórnendur sátu námskeið um atvikaskráningu.

Millistjórnendur í leikskóla: Deildastjórar hefja á vorönn námskeið hjá Þekkingarmiðlun um millistjórnendur í leikskóla „að stjórna í leikskóla“.

Lubbanámskeið: Tveir kennarar fóru á námskeið í námsefninu um Lubba.

Skráningarnámskeið: Tveir kennarar fóru á námskeið hjá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins.

Nýliðanámskeið: Einn kennari fór á nýliðanámskeið hjá Kópavogsbæ.

Málþing í Grindavík: Þrír kennarar fóru á fyrirlestur um skapandi starf.

Alfreð ráðningarkerfi: Einn kennari fór í námskeið í ráðningarkerfinu.

Talþjálfun: Sérkennslustjóri fór á ráðstefnu á vegum Félags talmeinafræðinga á Íslandi þar sem fjallað var sérstaklega um talþjálfun fyrir yngri börn og talþjálfun fyrir börn með einhverfu. Sérkennslustjóri fór einnig á námskeið varðandi EFI-2 og HLIÓM-2 sem eru málþroska skimanir sem gerðar eru á öllum börnum leikskólans, að auki á vinnudag á vegum Menntamálastofnunar í tengslum við hvernig best er að vinna með niðurstöður HLIÓM-2.

Heimsmarkmið: Tengiliður frá menntasviði kom og ræddi við stjórnendur um innleiðingu Heimsmarkmiða. Tengiliðurinn hitti síðar þrjá kennara leikskólans sem komnir voru í nefnd varðandi innleiðingu á heimsmarkmiðum.

Starfsmannafundur: Allir starfsmenn leikskólans komu í tveimur hópum til stjórnenda leikskólans og fengu fræðslu um heimsmarkmiðin.

Geðrækt barna: Dr. Sólfríður kom með fyrirlestur fyrir foreldra og starfsfólk um geðheilbrigði barna.

4.6 Endur- og símenntunaráætlun

Gerð hefur verið endur- og símenntunaráætlun fyrir starfsfólk leikskólans. Það á eftir að setja dagsetningar á fagfundi og starfsmannafundi og verður það gert í samráði við stjórnendateymið haustið 2019. Til viðbótar við þessa áætlun kemur starfsfólk til með að sækja fyrirlestra og námskeið á vegum menntasviðs, Greiningarstöðvar og fleiri aðila yfir skólaárið (Símenntunaráætlun er í viðauka nr 1).

5 Börn

5.1 Fjöldi barna, aðlögun, flutningur milli deilda, útskrift o.fl.

Haustið 2019 munu 105 börn stunda nám við Heilsuleikskólann Fífusali. Áætlað er að taka inn 31 barn vor og haust 2019. Þann 8. maí 2019 voru foreldrar boðaðir á fund þar sem skólinn var kynntur, þeir hittu verðandi deildarstjóra barnsins síns, aðlögunarferlið var kynnt og skrifað var undir dvalarsamninga. Aðlögunarformið sem notast er við heitir þátttökuaðlögun. Sjá nánar: <http://fifusalir.kopavogur.is/media/leikskolar/Thatttokuadlogun.pdf>

Flutningur milli deilda fór fram í júní 2019, þá fóru 11 börn af Laut yfir á Hól og 14 börn af Lind yfir á Hól og Hlíð. Fyrirkomulagið var þannig að börnin kíktu daglega í stuttar heimsóknir með kennurum sínum yfir á nýju deildina í vikunni áður. Formlegur flutningur milli deilda var svo aðra vikuna í júní.

Útskrift elstu barna leikskólans var laugardaginn 25. maí 2019. Líkt og undanfarin ár þá var útskriftarbörnunum boðið að gista eina nótt í leikskólanum, þ.e. frá föstudeginum 24. maí til laugardagsins 25. maí og þáðu öll börnin það. Dagskrá á föstudeginum stóð frá 16.30 – 22.00. Farið var í ratleik um nærumhverfi leikskólans, kennarar fylgdu börnunum sem leystu ákveðin verkefni.

Eftir ratleikinn bjó hvert barn til sína eigin pizzu. Síðan léku börnin sér um allan leikskólann áður en farið var í sturtu og í náttfötin. Í lokin var róleg stund yfir mynd og svo var farið að sofa. Foreldrum var boðið í morgunmat daginn eftir og formleg útskrift fór fram í beinu framhaldi af honum. Börnin fengu afhend útskriftarskjöl, ferilmöppur, heilsubækurnar sínar og rósir. Hefur þetta fyrirkomulag gefið góða raun og eru börnin alltaf mjög spennt fyrir kvöldinu.

5.2 Sérkennsla

Öll börn eiga rétt á því að fá kennslu við hæfi. Ef barn þarfnast sérstakrar aðstoðar er sett af stað verkferli sem felur í sér samstarf við foreldra. Framkvæmd sérkennslu er á ábyrgð sérkennslustjóra en stuðningsfulltrúar sinna henni undir handleiðslu sérkennslustjóra. Sérkennsla fer fram í einstaklingskennslu, hópkenndu, inni á deild eða í útiveru. Sérkennslan er því fléttuð inn í allt starf leikskólans eftir þörfum sérhvers barns. Markmið sérkennslunnar er að barnið geti notið leikskóladvalar sinnar og fái allan þann stuðning og örvun sem það þarf til þess að geta tekið virkan þátt. Hvort sem það felur í sér stuðning vegna málörvunar, sjónörvunar, stuðning við félagsfærni eða annað. Teymi er í kringum alla nemendur sem sérkennslustjóri

heldur utan um. Einstaklingsnámskrá er búin til að hausti í samráði við foreldra og aðra teymismeðlimi og er endurskoðuð á 6 - 8 vikna fresti. Í leikskólanum Fífusölum eru 66 börn, 38 drengir og 28 stúlur sem hafa fengið sérkennslu og/eða stuðning í vetur. Í vetur hafa verið 107 börn í leikskólanum og hafa því 61,68% allra barnanna fengið einhverskonar sérkennslu. Í 1. flokk eru fjórir drengir sem fengu úthlutaða sérkennslutíma annars vegar þrír sem fengu 8 tíma og einn sem fékk 6 tíma. Í 2. flokk eru þrír sem fengu úthlutaða sérkennslutíma annars vegar tveir sem fengu 4 tíma og einn sem fékk 3 tíma. Auk þeirra fékk ein stúlka í 4. flokk úthlutaða tímabundið 2 sérkennslutíma á dag vegna sérstakra aðstæðna í hennar lífi.

Fyrir skólaárið 2019-2020 er gert ráð fyrir að þrír drengir þurfi allt að 8 tíma í stuðning á dag og fjórir aðrir drengir þurfi 3 - 6 tíma stuðning yfir daginn. Til viðbótar er reiknað með stórum hópi barna sem þurfa á málörvunar- einbeitingar- og félagsfærni þjálfun að halda. Útbúnir verða litlir hópar barna sem þurfa á svipaðri þjálfun að halda, tímarnir verða byggðri upp á spjalli, spilum og annars konar verkefna vinnu.

Í Heilsuleikskólanum Fífusölum vinnur fjölbreyttur hópur starfsmanna í sérkennsluteymi skólans þar má meðal annars nefna sérkennslustjóra, leikskólasérkennara, leikskólakennara, nema og stuðningsfulltrúa. Önnur sérfræðipjónusta, svo sem þjónusta sálfræðinga, iðjuþjálfra, talmeinafræðinga og sérkennsluráðgjafa er veitt gegnum leikskóladeild menntasviðs Kópavogs. Sérkennslustjóri veitir ráðgjöf við foreldra, deildastjóra og stuðningsfulltrúa innan leikskólans. Sérkennslustjóri sér einnig um að vera tengiliður hvort sem það er milli foreldra og sérfræðinga hjá Kópavogsbæ eða þeirra sérfræðinga sem vinna með börnunum utan leikskóla og stuðningsfulltrúa leikskólans.

Á haustönn 2019 mun leikskólinn fá viðbótarkennslustofu vegna sérkennslu.

Umbótaáætlun í sérkennslu

Verkferlar í sérkennslu og áætlun um sérkennslu voru gerðir skriflegir og sýnilegir. Þá var tekið í notkun beiðnablað fyrir deildastjóra til sérkennslustjóra. Innleiðing þess hefur farið erfiðlega af stað og þarf að einbeita sér enn betur á næsta skólaári að því.

Reynt var að skipuleggja fundi með öllum stuðningsfulltrúum og sérkennslustjóra en vegna fjölda starfsmanna í hlutavinnu gekk það erfiðlega fyrir sig. Fyrir skólaárið 2019-2020 verður haldið áfram að skipuleggja reglulega fundi og jafnvel að skipta hópnum upp.

Stuðst var við niðurstöður Hljóm 2 og EFI 2 til að vinna með markvissum hætti að málörvun inni á deildum. Þar var unnið betur með bókalestur, rím og læsi eftir þörfum. Leikskólinn tekur einnig þátt í þróunarverkefni sem Kópavogsbær býður upp á í tengslum við snemmtæka íhlutun í málörvun. Vinnan felst í því að hver leikskóli útbýr handbók sem er aðgengileg fyrir alla og er leiðarvísir að því hvernig best er að koma til móts við börn leikskólans sem þurfa á aukinni þjálfun að halda í málörvun. Öll spil leikskólans verða flokkuð eftir litakerfi og táknar hver litur ákveðin þátt sem þarf að þjálf. Til dæmis táknar gulur orðaforða, rauður almennt skilning og appelsínugulur hljóðkerfisvitund. Þá eiga starfsmenn leikskólans að hafa betra aðgengi að spilunum til að auðvelda þeim að velja rétt spil út frá þörfum barnsins.

Á haust mánuðum 2018 fór sérkennslustjóri ásamt einum deildarstjóra á námskeið í ART. En það stendur fyrir Aggression Replacement Training og er fastmótað uppeldislegt

þjálfunarmódel. Kennarar voru leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga- og hegðunarvanda. Hugmyndafræðin kemur upphaflega frá Bandaríkjunum og byggir á ólíkum straumum og stefnum. ART-færni er þjálfuð í gegnum sýnikennslu, hlutverkaleik og endurgjöf þar sem kennarar og nemendur búa til líklegar aðstæður í mismunandi umhverfi. Þetta námskeið saman stóð af fjórum námskeiðsdögum, myndbandsgerð, skýrslugerð og 12 vikna þjálfun með börnum úr leikskólanum. Þjálfunin gekk ekki alveg sem skildi en stefnt er að því að mynda nýjan hóp og klára þjálfunina á nýju skólaári.

6 Foreldrasamstarf

6.1 Stefna vegna foreldrasamstarfs

Við viljum að allir foreldrar finni fyrir vingjarnlegu viðmóti og trausti. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu í opnum samskiptum. Upplýsingaflæði milli leikskóla og heimilis er mikilvægt og foreldrar eru alltaf velkomnir í leikskólann til að fylgjast með starfinu. Deildastjórar bjóða upp á aðlögunarviðtöl en almenn foreldraviðtöl eru haldin í kringum afmælisdag barnanna. Því til viðbótar geta foreldrar alltaf beðið um viðtalstíma við leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, deildarstjóra og sérkennslustjóra. Á hverri deild er skrifað um daglegt starf í dagbókarfærslu á heimasíðu og/eða sendir út tölvupóstur einu sinni í viku. Auk þess eru hagnýtar upplýsingar á heimasíðu leikskólans. Jafnframt hefur hver deild verið með lokaðan facebook hóp sem bara foreldrar eru meðlimir í en með nýrri innleiðingu á innritunarkerfi Kópavogsbæjar breytist þetta á haustmánuðum 2019.

6.2 Áherslur

Foreldrasamstarf hefur gengið vel og munum við halda áfram með sömu áherslur og við höfum haft.

6.3 Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu

Mikilvægt er að foreldrar taki virkan þátt í starfi leikskólans og fylgist vel með því sem verið er að gera hverju sinni. Foreldrar bjóða sig fram til að starfa í foreldraráði og foreldrafélagi og hefur það alltaf gengið vel. Það aðlögunarform sem notast er við krefst þess frá foreldrum að þeir taki virkan þátt og kynnist leikskólastarfinu vel og teljum við þetta mikilvæga mótunardaga hvað varðar traust og öryggi milli allra aðila. Foreldrum er boðið að koma á ákveðnar uppákomur í leikskólann. Allar þessar uppákomur eru vel sóttar og erum við foreldrum og þeim sem mæta mjög þakklát fyrir, því mikilvægt er að foreldrar gefi sér tíma til að sýna námi barna sinna áhuga.

6.4 Fræðsla og upplýsingar til foreldra

Reynt er eftir fremsta megni að hafa foreldra vel upplýsta um það sem börnin taka sér fyrir hendur í leikskólanum. Að hausti er aðalfundur foreldrafélagsins haldinn og þar er kynning á starfi leikskólans ásamt því að foreldrafélagið kynnir sitt starf. Deildarstjóri býður upp á aðlögunarviðtöl um það bil sex vikum eftir að aðlögun líkur. Það er val foreldra að koma í viðtal en er það okkar reynsla að oftast nær mæta allir foreldrar í þessi viðtöl. Í þessu viðtali er farið

yfir hvernig aðlögunin gekk og hvernig barninu hefur gengið að aðlagast leikskólalífinu. Á næsta skólaári verður sú nýbreytni tekin upp að skráning í heilsubók verður í kringum afmælisdag barnsins og í kjölfarið á þeirri skráningu verður foreldrum boðið í foreldraviðtal. Þar verður farið yfir heilsubókina, almennan þroska og hvernig barninu gengur í leikskólanum. Algengast er þó að almennar upplýsingar fari fram í gegnum daglegt spjall þegar foreldri kemur með barnið eða sækir það. Hver deild sendir út fréttir af starfi deildarinnar einu sinni í viku ásamt því að myndir af starfi deildarinnar eru sýnilegar fyrir foreldrum á internetinu.

Leikskólinn heldur úti heimasíðu þar sem matseðillinn er sýnilegur, starfsmenn sem og almennar upplýsingar um leikskólann og starf hans <http://fifusalir.kopavogur.is/>

Reglulegir teymisfundir eru fyrir börn með sérstakan stuðning. Þessa fundi situr fyrir hönd leikskólans sérkennslustjóri, deildarstjóri og stuðningsaðili barnsins. Á fundum af þessu tagi er farið yfir hvernig daglegt starf og þjálfun gengur hjá barninu.

Skilafundir eru þegar við á og eru eftir að utanað komandi fagaðili kemur og fylgist með barninu í daglegu starfi. Sérkennslustjóri óskar eftir ráðleggingu viðkomandi í samráði við deildarstjóra og foreldra. Þessa fundi situr fyrir hönd leikskólans, sérkennslustjóri og deildarstjóri.

6.5 Kynning á leikskólanum

Ýmsar leiðir eru notaðar til að kynna starf leikskólans. Þar má nefna dag leikskólans en undanfarin ár höfum við sent frá okkur myndband í tilefni dagsins, reiknað er með að það verði gert áfram. Heimasíðan er einnig notuð til að kynna leikskólann, bæði með myndum úr starfi hans og deildabloggi einu sinni í viku. Næsta skólaár klárast NordPlus verkefnið okkar sem við erum að vinna með Eistlandi og Litháen. Kópavogsbær hefur látið fagaðila gera myndband um hvern leikskóla, þar á meðal okkar. Því verður dreift haustið 2019.

6.6 Foreldraráð og foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi í leikskólanum sem fundar einu sinni á ári, en þess á milli fara samskiptin að mestu leyti fram í gegnum tölvupóst og lokaðan facebook hóp stjórnar. Í stjórn eru sex foreldrar og fundi sitja þar að auki tveir kennarar sem tengiliðir leikskólans. Foreldrafélagið skipuleggur hina ýmsu viðburði í samstarfi við leikskólann. Þetta er góð viðbót við leikskólastarfið og þökkum við kærlega fyrir það.

Í leikskólanum starfar einnig foreldraráð sem fundar reglulega. Í því eru þrír foreldrar, einn kennari og leikskólastjóri. Foreldraráð kemur að faglegu starfi leikskólans, les meðal annars yfir árlega starfsáætlun og skrifar umsögn.

7 Samstarf

7.1 Stoðþjónusta

Samstarf er við umhverfisvið sem kemur að viðhaldi innan leikskólans og á útileiksvæði. Stjórnsýsluvið sem kemur að launamálum og tækniþjónustu. Velferðarsvið sem kemur að félagsþjónustu og velferð í barnaverndarmálum. Samskipti við þessi svið fara meira eða minna fram með rafrænum hætti. Mest samstarf á leikskólinn við menntasvið Kópavogs þar sem starfa

leikskólafulltrúi, leikskólaráðgjafar, sérkennslufulltrúi og sérkennsluráðgjafi leikskóladeildar. Þá hefur sérkennslustjóri gott samstarf við sérfræðinga á vegum leikskóladeildar.

7.2 Samstarf við Salaskóla

Gagnkvæmar heimsóknir eru á milli leik- og grunnskóla frá janúar þar til í maí en þá fara foreldrar með börnin í tveggja daga vorskóla í Salaskóla.

Kennarar elstu barnanna í leikskólanum funda með kennurum á yngsta stigi ásamt aðstoðarskólustjóra Salaskóla. Einnig er farið í heimsókn í dægradvöl og leikið þar einn morgun. Í byrjun júní fara elstu börnin í dægradvölinu og eru þar í 5 vikur fram að sumarfríslokun.

Einn starfsmaður er til taks í upphafi (fyrstu vikuna) þegar börnin byrja í dægradvölinni í ágúst í Salaskóla.

Síðan eru einstök verkefni eins og vináttudagurinn, samstarf við tónmenntakennara og fleira.

7.3 Samstarf við aðra

Fífusalir og Salaskóli eiga með sér samstarf sem er skipulagt í upphafi hvers vetrar. Kennarar fyrstu bekkina og kennarar elstu barna leikskólans hittast til skrafs og ráðagerða og skipuleggja heimsóknir. Elstu börn Fífusala fara í heimsóknir í 1. bekkina, dægradvöl og hittast á útisvæði. 1. bekkur kemur einnig í eina heimsókn í leikskólann.

Elstu börn leikskólans ásamt kennurum flytjast yfir í dægradvöl grunnskólans í byrjun júní og stendur börnunum til boða að vera þar fram að sumarfrí leikskólans. Markmiðið með þessu er að börnin aðlagist umhverfi skólans áður en grunnskólinn hefst um haustið. Elstu börnin í Rjúpnahæð og kennarar þeirra eru með okkur í sumarskólanum (eins og undanfarin ár).

Rjúpnalundur er sameiginleg útikennslustofa Fífusala, Rjúpnahæðar og Salaskóla, staðsett í Rjúpnahæðinni.

Stjórnendur leikskólans, deildastjórar og sérkennslustjóri hafa átt gott samstarf við aðrar stofnanir bæjarins svo sem Gerðarsafn, Bókasafn Kópavogs, Lindasafn, Heilsugæsluna í Salahverfi, Lindakirkju, Salalaug og Gerplu.

7.4 Nemar

Fífusalir er samstarfsskóli menntavísindasviðs Háskóla Íslands og stundar einn starfsmaður nám í Leikskólakennarafræði. Hann sinnir einnig vettvangsnámi sínu að einhverju leyti við leikskólann. Samstarfið hefur gengið vel og vonast er til að það haldi áfram.

8 Mat

8.1 Matsaðferðir

Notast er við ýmiskonar matsaðferðir í Fífusölum, þar á meðal eftirfarandi aðferðir

- **Heilsubókin**

Við upphaf leikskólagöngunnar fær hvert barn Heilsubók barnsins. Í hana er skráð heilsufar, hæð og þyngd, félagsleg færni, úthald, almenn þekking (litir og form), næring, svefn og þróun í listsköpun (t.d. þróun teikninga). Skráningin fer fram tvisvar yfir skólaárið, í október og aftur í

mars. Þessi skráning gerir kleift að fylgjast náið með þroskaframtönd barnsins auk þess sem hún er gott tæki til að upplýsa foreldra um stöðu barnsins í foreldraviðtölum. Einnig nýtist hún sem gott tæki fyrir kennara til að sjá hvað er hægt að leggja meiri áherslu á í daglegu starfi. Sjá nánar: <http://heilsustefnan.is/um/heilsubok-barnsins/>

- **HLJÓM-2**

HLJÓM-2 er lagt fyrir öll elstu börnin í Fífusölum, en það er íslensk, aldursbundin skimun í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund (hljóð- og málvitund) elstu barna leikskólans. HLJÓM-2 er byggt á rannsóknum sem stóðu yfir í fimm ár og benda niðurstöður til að strax í leikskóla fáist vísbendingar um hvernig lestrarnám muni ganga. HLJÓM-2 byggist á sjö mismunandi verkefnum sem lögð eru fyrir elsta árgang barna að hausti. Einungis fagfólki leikskóla, með tilskilin réttindi, er heimilt að leggja prófið fyrir. Niðurstöðurnar eru marktækar vísbendingar um hvaða börn eru í áhættu fyrir síðari lestrar erfiðleika og mikilvægar til þess að hægt sé að vinna markvisst með þá þætti sem hugsanlega liggja ekki vel fyrir börnunum, þennan síðasta vetur þeirra í leikskólanum. Þættirnir (leikirnir) sem lagðir eru fyrir tengjast; rími, samstöfum, hljóðgreiningu, samsettum orðum, margræðum orðum, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu. Skimunin tekur u.þ.b. 20-30 mínútur (með hvert barn).

- **EFI-2**

EFI-2 er lagt fyrir öll börn á fjórða ári í Fífusölum. EFI-2 er íslensk aldursbundin skimun í leikjaformi sem kannar málskilning og tjáningarfærni barnsins. Skimunin byggist á myndabók með sjö myndum sem barn og kennari skoða saman. Með því að leggja fyrir EFI-2 skimunina fást vísbendingar um hvernig málþroski barnsins er miðað við jafnaldr og hvort um er að ræða veikleika á einhverju sviði og hvar styrkur barnsins liggur. Einungis fagfólki leikskóla, með tilskilin réttindi er heimilt að leggja prófið fyrir. Skimunin tekur u.þ.b. 10 mínútur (með hvert barn).

8.2 Matsaðferðir sl. starfsárs og niðurstöður

Mat barna í Heilsuleikskólanum Fífusölum

Kennarar ræddu við hvert og eitt barn þar sem farið var farið yfir ýmsa þætti og þau spurð m.a. hvað væri skemmtilegast að gera í leikskólanum, uppáhaldsmatinn þeirra og um vini sína (matslistinn er í viðauka nr 2). Það er nokkuð ljóst að á yngri gangi slær fiskurinn í gegn sem uppáhaldsmatur en gæti haft áhrif hversu oft hann var í boði þá viku sem matið var framkvæmt. Hjá þeim eldri var það hakk og spaghetí, grjóna-grautur og bleikur fiskur. Uppáhaldslögin þeirra voru oftast: Frost er úti fuglinn minn, Fífusalalagið og fullorðna fólk er svo skrítið. Skemmtilegast þótti að leika, syngja og vera úti. Margt annað skemmtilegt kom fram og allir gátu nefnt góðan vin.

Gátlisti Heilsustefnunnar

Leikskólar innan heilsustefnunnar nota þennan gátlista og finnst okkur í Fífusölum mikilvægt að hafa hann með í okkar innra mati. Þessi gátlisti nær til níu þátta innan starfsins

- Lífsleikni
- Samskipti
- Líðan

- Næring og sjálfshjálp
- Svefn
- Sjálfshjálp
- Sköpun
- Hreyfing
- Skráningar

Starfsmenn allra deilda fylltu út listann á deildarfundum að vori. Fjórir möguleikar voru í boði; alltaf, oft, stundum og aldrei. Við vorum með flest atriði alltaf eða oft. Fleiri en einni deild fannst þurfa að vera betra aðgengi að vatni fyrir börnin, fleiri vettvangsferðir mættu vera í boði og starfsfólk virkara að taka þátt í leikjum barnanna. Eins kom fram hjá fjórum deildum að stjórnendur eru ekki nógu góðir að hvetja starfsfólk til hreyfingar utan vinnu og á námskeið tengd hreyfingu. (Gátlistinn er í viðauka nr 3).

8.3 Mat á starfsáætlun sl. starfsárs og niðurstöður

- Boðið var upp á opið flæði um leikskólann við hátíðleg tækifæri. Gaf það gott tækifæri til að efla tengsl milli yngri og eldri barnanna.
- Góð samvinna er á milli deilda í útiverunni.
- Stöðugt þarf að minna á og virkja starfsmenn í útiverunni.
- Ekki er mikil ánægja með nýjan og endurbættan matseðil og verður það endurskoðað í haust.
- Merkja má framfarir í áhuga barnanna á fjölbreyttari mat, þau borða fleiri tegundir og eru duglegri við að smakka.
- Almenn ánægja er með flestar fastar hefðir leikskólans.
- Ánægja var með breytt fyrirkomulag varðandi ávaxtadag, verður það fyrirkomulag áfram næsta skólaár. Einn dagur á önn.

8.4 Umbótaáætlun

Á hverju ári gera starfsmenn umbótaáætlun varðandi það hvað betur má fara í starfinu. Á síðastliðnu skólaári náðist ekki að uppfylla það sem áætlað var í innra mati og verður það endurmetið á næsta skólaári.

- Halda áfram að auka val/lýðræði barnanna. Þetta hefur gengið vel, en alltaf má bæta. Endurskoðað haust 2019 og vor 2020. - Ábyrgðaraðilar: Stefanía og Guðbjörg Sv.
- Auka samvinnu á eldri gangi, stokka deildir upp af og til, létta á deildum með því að taka t.d. 4 börn af hverri deild fram. Þetta hefur gengið mun betur en áður. Endurskoðað desember 2019 og maí 2020. - Ábyrgðaraðilar: deildastjórar á öllum deildum eldri gangs.
- Hafa færri börn í einu í fataherbergi á eldri gangi til að minnka hávaða. Það má bæta það, senda börn inn og út í rólegheitunum í stað allir í einu. Endurskoðað desember 2019 og maí 2020. - Ábyrgðaraðilar: deildastjórar á eldri gangi
- Bæta þarf virkni starfsfólks í útiveru. Hefur gengið upp og ofan, mætti ganga betur. Endurskoðað haust 2019 og vor 2020 - Ábyrgðaraðilar: Carmen og Ragnheiður.

Ytra mat

Í júní óskaði mennta- og menningarmálaráðuneytið eftir framkvæmdaráætlun á þeim umbótum sem áætlaðar voru af sveitarfélaginu og leikskólans á skólaárinu 2017-2018. Sótt var um frest þar til í lok ágúst 2018 til að skila skýrslunni.

Öll þau verkefni sem skólanum var sett er lokið að mestu leyti. Ekki hefur viðmiðum verið náð í að uppfylla ákvæði laga um ráðningu kennara við skólann en er það einnig líka á ábyrgð sveitarfélagsins. Margir þættir eins og að efla sjálfstæði barnanna, efla faglegt starf milli deilda verður verkefni sem verður tekið fyrir á hverri önn eða eins oft og þurfa þykir í stjórnendateymi skólans. Fundagerðir foreldraráðs og foreldrafélags verða birtar á heimasíðu leikskólans frá hausti 2018.

Í byrjun júní 2019 barst okkur bréf frá Mennta og menningarmálaráðuneytinu þar sem óskað var eftir eftirfylgni varðandi umbótaáætlun leikskólans. Við endurskoðun kemur í ljós að matsteymi hefur ekki verið stofnað enda átti það að gerast í samráði við menntasvið. Það þarf að endurbæta skólalóðina og loftgæði innanhúss sitja enn á hakanum. Eins þarf að bæta aðstöðu til funda og sérkennslu en það er komið í ferli. Verklagsreglur milli stjórnenda á enn eftir að klára en vinna við það er hafin og verður í vinnslu næsta haust.

Viðhald

Nýir starfsmannaskápar voru settir upp í kaffistofu, eldhúsi og skrifstofu fyrir starfsfólk leikskólans. Ásamt því að í síðustu lokun var skólinn allur málaður, kaffistofu breytt og settar upp nýjar hljóðeinangrunarplötur í öllu miðrými skólans.

9 Öryggismál

Í Fífusölum er starfandi öryggisnefnd sem hefur eftirlit með aðbúnaði barna og starfsmanna. Í öryggisnefnd situr aðstoðarleikskólastjóri og einn kennari. Þessir aðilar fóru á námskeið hjá vinnueftirlitinu í lok janúar. Frá því er öryggisnefnd búin að gera vinnuumhverfisvísa frá Vinnueftirlitinu um innra starfið. Ef óhöpp verða er fyllt út slysaskráning. Starfsfólk leikskólans kemur ábendingu til öryggisnefndar ef úrbóta er þörf úti eða inni um leið og þeir verða þess varir. Öryggisnefnd ásamt leikskólastjóra bregst eins fljótt við og mögulegt er og hefur samband við þá aðila sem sjá um úrbætur. Á hverjum degi er farið yfir leiksvæði barnanna úti og kannað hvort allt sé í lagi. Hver deild er með útieftirlitið eina viku í senn. Aðstoðarleikskólastjóri sér um mánaðarlegt eldvarnaeftirlit.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, vinnueftirlitið, heilbrigðiseftirlitið og eftirlitsmaður lóða kemur einu sinni á ári í úttekt.

Ef upp koma óhöpp, veikindi eða slys á börnunum byrjum við ávallt á því að hringja í foreldra. Við nýtum vel þjónustu Heilsugæslunnar í Salahverfi á móti leikskólanum, en ef um alvarleg slys er að ræða er hringt á sjúkrabíl. Ávallt er fyllt út atvikaskráning inni á vef Kópavogsbæjar þegar barn eða starfsfólk slasast í leikskólanum. Á hverri deild er hringur með upplýsingum um skyndihjálp auk viðbragðsáætlana vegna slysa og eldsvoða. Þar eru einnig helstu upplýsingar um hvert barn á deildinni með símanúmerum forráðamanna og mynd af barninu. Í kjölfar nýs

tölvukerfis með inn/útskráningum ásamt upplýsingum um barnið verður ekki þörf á þessum hringjum á komandi skólaári. Eftirlitið fer fram hjá utanaðkomandi aðilum en ef eitthvað kemur upp á höfum við haft samband við áhaldahús Kópavogsbæjar og þeir hafa brugðist skjótt við. Stefnt er að því að hafa brunaæfingu að minnsta kosti einu sinni á önn eða tvisvar sinnum á skólaári.

9.1 Öryggisnefnd

Í Fífusölum er starfandi öryggisnefnd þar eru öryggistrúnaðarmaður og öryggisvörður.

9.2 Áfallaráð

Í Fífusölum er starfandi áfallaráð í því sitja leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildastjórar leikskólans.

9.3 Slyso og meiðsl

Ýmis minniháttar óhöpp hafa verið á sl. skólaári en sem betur fer engin alvarleg. Þetta er mjög svipað og undanfarin ár. Nú fer öll skráning slysa í gegnu rafrænt kerfi Kópavogsbæjar.

10 Lokaorð

Þessi starfsáætlun er unnin af starfsfólki leikskólans á skipulagsdegi vorið 2019 og síðan tók stjórnendateymið tvo heila daga í vinnufundi þar sem farið var yfir áætlun s.l. skólaárs, metið hvað gekk vel og hvað fór miður. Einnig var mikil umræða um það sem framundan er. Rædd voru ýmis fagleg málefni sem er mjög mikil þörf fyrir þar sem við hittumst nánast aldrei nema með mikið áreiti af börnun og öðru starfsfólki á vinnutíma.

Þetta skólaár sem var að líða var mun betra en s.l. ár, öll mönnun gekk mun betur og fleira fagfólk í boði. Það sama virðist vera fyrir skólaárið 2019-2020. Mikil breyting var í stjórnendateyminu en Heiða aðstoðarleikskólastjóri til 15 ára var fengin til að taka að sér annan skóla í Kópavogi sem vantaði báða stjórnendur um s.l. áramót. Til liðs við mig kom reyndur kennari til fjölda ára en nú á vorönn kom í ljós að það þarf að skýra mun betur verklagsreglur milli aðstoðarleikskólastjóra og leikskólastjóra í Fífusölum. Það verður verkefni næsta skólaárs og einnig að skýra verklagsreglur deildastjóra gagnvart starfsmönnum sem brýn þörf er á.

Opnunartími skólans s.l.skólaár að hafa einungis opið í níu tíma (í stað 9,5) hefur haft mjög mikil áhrif á það að manna í lok dags. Því ber að fagna.

Aðgerðaráætlun menntasviðs og leikskólanefndar Kópavogs hefur verið vægt til orða mikil lyftistöng fyrir starf leikskóla Kópavogs. Fækkun barna í leikskólum, símar, námskeið fyrir deildastjóra og svona mætti lengi telja hefur gríðarleg áhrif á þá sem fyrir eru og eins náði ég að ráða leikskólakennara vegna þessara kjara til mín fyrir komandi skólaár. Það að geta greitt kennara fyrir að hlúa að nýjum starfsmönnum er einnig mikil framför. Eins má nefna að Kópavogsbær er í samvinnu með Borgarholtsskóla hvað varðar leikskólaliðanám og teljum við að það styrki þá leiðbeinendur sem áhuga hafa á því í starfi.

Síðast en alls ekki síst, þá er vinna hafin við auka kennslustofuna okkar sem verður staðsett í garðinum okkar, þar mun sérkennsla fara fram að miklu leyti. Þessi stofa mun létta mikið leikskólanum og mun rými til almennrar málörvunnar, fundahalda og viðtala mun aukast til muna. Við erum mjög þakklátt fyrir þann stuðning sem menntasvið hefur sýnt okkur í þessari baráttu til fjölda ára.

Við förum spennt inn í næsta skólaár, full af tilhlökkun og bjartsýni

Kópavogur, júní 2019
Erla Stefanía Magnúsdóttir

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð Fífusala hefur farið yfir starfsáætlun heilsuleikskólans Fífusala fyrir árið 2019-2020. Foreldraráðið lýsir yfir mikilli ánægju með starfsáætlunina og samþykkir hana. Það er mikill metnaður í starfinu og skv. áætluninni er m.a. fyrirhugað að hlúa enn betur að börnum og starfsmönnum á komandi starfsári t.d. með fækkun barna á leikskólanum og auka rými hvers einstaklings, jafnt kennara sem barna. Það er afar mikilvægt í nútíma þjóðfélagi að hlúa vel að starfsmönnum sem og börnunum enda álag mikið.

Sérstök áhersla er lögð á að bæta aðbúnað og aðstöðuna en m.a. er lögð sérstök áhersla á sérkennsluna og bæta þá aðstöðu sem er fyrir hendi og er það mjög mikilvægt. Jafnframt er lögð áhersla á gildi leikskólans og samstarf við foreldra sem er mjög mikilvægt en nútímavæðing í formi snjall lausna mun vafalaust auka upplýsingaflæði til foreldra og einfalda boðleiðir fyrir starfsmenn.


Það er ljóst að stjórnendur Fífusala eru metnaðarfullir og endurspeglast það í starfsáætluninni.

Fyrir hönd foreldraráðs Fífusala


Sigurlaug Lilja Ólafsdóttir

Símenntunaráætlun fyrir starfsfólk Heilsuleikskólans Fífusala skólaárið 2019-2020

Þátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildafundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	2 tímar á mánuði	Unnið í vinnutíma	Erla Stefanía / Deildastjórar
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í stafi og að gefa þeim tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans	Vor 2020	30 mín pr. Starfsmann	Unnið í vinnutíma	Erla Stefanía
Nýtt starfsfólk - Margrét	Nýliðafræðsla	Farið yfir starfsmannahandbókina	1x mánuði	ca 45 mín í hvort skipti	Unnið á vinnutíma	Erla Stefanía og Margrét
Allt starfsfólk	Samráð, fræðsla, endurmat	Yfirfara starfsáætlun, stefnur og öryggisþætti	1x á önn	2 tímar= 4 tímar eftir vinnu. Starfsmannafundir	Tekið af yfirvinnukvóta	Erla Stefanía
Stjórnendateymi	Líðan í vinnu	Handleiðsla	3x á haustönn	3x45 mín per hóp	Unnið í vinnutíma - tekið af af keyptri þjónustu	Erla stefanía
Fagfólk	Fagfundir	Fræðilegar umræður og stefnumótavinna,	1 x á önn	3 tímar x2 = 6 tímar	Tekið af yfirvinnukvóta	Erla Stefanía
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Skipulagning vetrarstarfsins og fyrirlestur frá Auðnast	20.sept.	8 tímar	Unnið á vinnutíma - kostnaður 70.000 tekið af aðkeyptri þjónustu	Erla Stefanía
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Deildafundir, starfsmannafundur, snemmtæk íhlutun	21.nóv.	8 tímar	Unnið á vinnutíma	Erla Stefanía
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Næringafræðingur, hópefli	2.jan.	8 tímar	Unnið á vinnutíma - kostnaður 50.000 tekið af aðkeyptri þjónustu	Erla Stefanía
Allir starfsmenn	Skipulagsdagar	Ferð innanlands - meira um það síðar	23.mar	8 tímar	Unnið á vinnutíma, kostnaður af aðkeyptri þjónustu	Erla Stefanía
Allir starfsmenn	Skipulagsdagar	Endurmat skólaársins, skipulagning sumarstarfs	22.maí	8 tímar	Unnið á vinnutíma	Erla Stefanía
Deildastjórar	Deildastjórafundir	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis	3x í mánuði	60-90 mín hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Erla Stefanía
Starfsfólk í stuðningi	Samráðsfundir með sérkennslustjóra	Umræður um starfið sem og fræðsla frá sérkennslustjóra tengd starfinu	1x í mánuði	60 mín hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Erla Stefanía/Inga Jóna



Ég heiti _____

Hvað heitir leikskólinn minn

Hvað er skemmtilegast að gera í leikskólanum

Hvað er uppáhalds lagið þitt

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í samverustundinni

Hvað heita vinir þínir

Hvað er besti maturinn í leikskólanum



Gátlisti heilsustefnunnar

<u>Lífsleikni</u>		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
Leikurinn					
1	Börnin fá tíma og rými fyrir sjálfsprottinn leik				
2	Frumkvæði og hugmyndaflug barna er virt				
3	Efniviður er vandaður, fjölbreyttur og vekur áhuga barnanna				
4	Starfsfólk er til staðar til að kveikja áhuga og styðja við nám barnanna				
5	Starfsfólk er hvatt til að kynna sér skilgreiningu á þróun leiks				
Samskipti		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Börnin eru hvött til tjáskipta				
2	Börnin fá tækifæri til að leysa ágreining sín á milli				
	Lögð er áhersla á jákvæð samskipti á milli:				
3	barna				
4	barna og starfsfólks				
5	starfsfólks				
6	foreldra og starfsfólks				
Líðan		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Lögð er áhersla á að efla sjálfsöryggi barna				
2	Lögð er áhersla á að kenna börnum að sýna hvert öðru umhyggju				
3	Starfsfólk nýtir frjálsa leikinn til að fylgjast með líðan barna				
4	Börnin eru hvött til þess að segja með orðum hvernig þeim líður				
<u>Næring og sjálfshjálp</u>		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
Næring					
1	Matseðilinn er settur saman með hliðsjón af ráðleggingum Embættis landlæknis				
2	Matseðilinn er yfirfarinn og samþykktur af næringarfræðingi				
3	Matseðillinn er sýnilegur foreldrum				
4	Viðmið Embættis landlæknis er notað þegar valin er mjólk				
5	Boðið er upp á fisk tvisvar í viku eða oftari				
6	Boðið er upp á fjölbreytt grænmeti daglega				
7	Ávextir eru í boði oftari en einu sinni á dag				
8	Boðið er upp á lýsi eða annan D vítamínjafa daglega				

9	Trefjainnihald brauðs er að lágmarki 6 grömm á hver 100 grömm				
10	Vatn til drykkjar er aðgengilegt				
11	Máltíðir eru að mestu unnar frá grunni				
12	Salti í máltíðum er haldið í lágmarki < 2,5gr RDS				
13	Hörð fita í máltíðum er höfð í lágmarki				
14	Börnin eru hvött til að smakka allan mat				
15	Jákvæð umræða er um matinn í matartímum og fræðsla um hollustu				
Svefn		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Leikskólinn veitir börnunum tækifæri til hvíldar yfir daginn				
2	Leikskólinn veitir þeim börnum sem sofa tækifæri til þess yfir daginn				
3	Leikskólinn styðst við viðmið heilsugæslu þegar kemur að svefnþörf barna undir 2 ára 12,5 - 15,5 klst. á sólarhring og 2-4 ára 11-13 klst. á sólarhring				
Sjálfs hjálp		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Í leikskólanum fá börn 2 ára og eldri hníf og gaffal				
2	Börnin eru hvött til að smyrja sjálf				
3	Börnin eru hvött til að hella sjálf				
4	Börnin eru látin þvo sér um hendur eftir salernisferðir og útiveru				
5	Börnin eru hvött til að klæða sig sjálf				
Sköpun		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Fagstjóri/ábyrgðaraðili sér um skipulagningu sköpunar				
2	Dagskipulagið gefur tækifæri til skapandi vinnu				
3	Skapandi efniviður er til staðar og aðgengilegur fyrir börnin bæði úti og inni				
4	Efniviður til að þjálfa fínhyrtingar (t.d. litir, skæri, pappír) er til staðar og aðgengilegur fyrir börnin				
5	Börnin fá tækifæri til að beita líkamanum á mismunandi hátt, t.d. sitja við borð, standa við trönur, liggjandi á gólfi o.s.frv.				
6	Börnin fá tækifæri til að fara ólíkar leiðir í sköpun (myndlist, sögugerð, tónlist, dans, tjáning, frjáls leikur, ræktun)				
7	Starfsfólk er meðvitað um að sköpunarferlið skiptir mestu máli en ekki útkoman				
8	Starfsfólk er meðvitað um mikilvægi þess að grípa augnablikin og vekja forvitni barnanna á umhverfi sínu				
9	Verk barnanna eru sýnileg hvort sem það tengist myndlist, frásagnir, koma á framfæri því sem þau eru að skapa				

<u>Hreyfing</u>		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Fagstjóri/ábyrgðaraðili sér um skipulagningu hreyfingar				
2	Áhöld til að geta framkvæmt æfingarnar úr Heilsubók barnsins eru til staðar				
3	Hreyfistundir eru byggðar á þáttum úr Heilsubókinni				
4	Samræmd markmið og tímaseðlar eru fyrir hvern aldur í hreyfistundum				
5	Skipulagðar hreyfistundir í sal eru að lágmarki einu sinni í viku				
6	Börnin fara út að minnsta kosti einu sinni á dag				
7	Leikskólinn nýtir sitt nánasta umhverfi fyrir hreyfistundir				
8	Starfsfólk tekur þátt í leikjum og hreyfingu með börnum inni/úti				
9	Farið er í göngu- eða vettvangsferðir með öll börn reglulega				
10	Stjórnendur leitast við að fá námskeið fyrir starfsfólk tengd hreyfingu barna				
11	Starfsfólk er hvatt til hreyfingar í frítíma				
12	Foreldrar fá fræðslu um heilsustefnuna				
<u>Skráningar</u>		Alltaf	Oft	Stundum	Aldrei
1	Markvisst er fylgst með þroska barna með skráningu í Heilsubók barnsins og skráð er tvisvar á ári				
2	Ábyrgðaraðili er yfir skráningu Heilsubókar				
3	Ábyrgðaaðilar eru öryggir á því hvernig á að skrá í Heilsubókina				
4	Lögð er áhersla á nákvæma skráningu um heilsufar barna				

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2019 - 2020

Nafn skóla: **Heilsuleikskólinn Fífusalir**

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚÁR	FEBRÚÁR	MARS	APRÍL	MÁÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 L	1 S	1 M	1 F	1 M	1 M
2 F	2 M	2 M	2 L	2 M	2 F	2 S	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F
3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 M	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 F
4 S	4 M	4 F	4 M	4 M	4 L	4 Þ	4 M	4 L	4 M	4 F	4 L
5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 S
6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 F	6 M	6 F	6 F	6 M	6 M	6 L	6 M
7 M	7 L	7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 Þ
8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 L	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M
9 F	9 M	9 M	9 L	9 M	9 F	9 S	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F
10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 M	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 F
11 S	11 M	11 F	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 S
13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 F	13 M	13 F	13 F	13 M	13 M	13 L	13 M
14 M	14 L	14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 Þ
15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 L	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M
16 F	16 M	16 M	16 L	16 M	16 F	16 S	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F
17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 M	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 F
18 S	18 M	18 F	18 M	18 M	18 L	18 Þ	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 M	19 F	19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 S
20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 F	20 M	20 F	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M
21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 Þ
22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 L	22 S	22 M	22 F	22 M	22 M
23 F	23 M	23 M	23 L	23 M	23 F	23 S	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F
24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 M	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 F
25 S	25 M	25 F	25 M	25 L	25 M	25 Þ	25 M	25 L	25 M	25 F	25 L
26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 S
27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 M	27 F	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M
28 M	28 L	28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ
29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 L	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M
30 F	30 M	30 M	30 L	30 M	30 F		30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 F
31 L		31 F		31 Þ	31 F		31 Þ		31 S		31 F